

Áhugasviðstengt nám  
Get – Ætla - Skal  
í Kópavogsskóla



## Efnisyfirlit

Áhugasviðstengt nám í Kópavogsskóla vorið 2017 .....	3
Markmið .....	3
Nemendur .....	3
Lýsing.....	3
Framkvæmd.....	4
Nemendur .....	4
Foreldrar .....	4
Vinna.....	5
Kynning á verkefnum.....	5
Í lokin .....	5
Lærdómur .....	5
Niðurstöður .....	6
Fylgiskjal 1 .....	7
Fylgiskjal 2 .....	8

## Áhugasviðstengt nám í Kópavogsskóla vorið 2017

Umsjón og framkvæmd með þessu verkefni er í höndum Birnu Björnsdóttur, kennara, Elísabetar Pétursdóttur, náms- og starfsráðgjafa, og Sjafnar Aðalsteinsdóttur, umsjónarkennara 6. bekkjar.

### Markmið

Markmið verkefnisins er að kynnast verkferlum tengdum áhugasviðstengdu námi sem og að auka þekkingu og færni kennara á hugmyndafræði áhugasviðstengdrar kennslu. Þegar farið var að huga að skipulagi skv. umsókn úr Sprotasjóði kom í ljós, að vegna skipulagsþátta á unglíngastigi yrði erfitt að koma þessu við á yfirstandandi skólaári. Mikil áhersla var á nýjungar í námsmati á unglíngastigi og mikil vinna við að endurskoða námsmatið í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár. Ákveðið var að færa verkefnið á miðstig til þess að gefa því færi á að vaxa með nemendum upp skólastigin. Mat skólans var að nemendur í þessum árgöngum væru opnir og jákvæðir í garð slíkrar vinnu og því jákvætt að geta gripið tækifærið og vinna þessa vinnu með þeim.

### Nemendur

Ákveðið var að byrja með nemendur í 5. og 6. bekk, eina 60 mínútna kennslustund á viku á vorönn 2017. Sömuleiðis unnu nemendur að verkefnunum utan skóla á milli tíma.

Nemendafjöldi:

5.R – 18 nemendur

5.T – 20 nemendur

6.JP – 27 nemendur

### Lýsing

Verkefnið var kynnt fyrir nemendum bekkjanna og lögð mikil áhersla á að nemendur hugleiddu vel val á efni, afmörkun efnisins, hvernig ætlunin væri að vinna verkefnin og sömuleiðis skil á þeim. Byrjað var á hugarflugi í öllum bekkjunum og kom fram mikið af góðum hugmyndum. Nemendum var gert kleift að starfa að verkefninu á einstaklingsgrunni eða í 2ja til 3ja manna hópum. Nokkuð jöfn skipting var á milli mismunandi hópagerða – tæplega helmingur kaus að vinna einstaklingslega og hinir skiptu sér í hópa. Vel gekk að koma öllum í hópa og völdu þau sig sjálf í þá. Ánægjulegt var að sjá hversu virkan þátt allir hópameðlimir tóku í vinnunni. Var ekki að sjá, að neinn væri óvirkur/lítt virkur.

Að loknum fyrsta tímanum var sendur tölvupóstur til foreldra nemenda þar sem þeim var kynnt verkefnið og foreldrar hvattir til samræðu við börn sín um efnið. Viku síðar var gerður námssamningur við hvern nemanda/nemendahóp um fyrsta verkefnið. Lögð var áhersla á það við nemendur, að þegar námssamningurinn (sjá fylgiskjal 2) hefði verið undirritaður, væri ekki hægt að skipta um viðfangsefni.

## Framkvæmd

### Nemendur

Verkefnið var kynnt fyrir nemendum bekkjanna og lögð mikil áhersla á að nemendur hugleiddu vel val á efni, afmörkun efnisins, hvernig ætlunin væri að vinna verkefnið og sömuleiðis skil á verkefninu. Byrjað var á hugarflugi í öllum bekkjunum og kom fram mikið af góðum hugmyndum. Nemendum var gert kleift að starfa að verkefninu á einstaklingsgrunni eða í 2ja til 3ja manna hópum. Að loknum fyrsta tímanum fór póstur heim til foreldra nemenda þar sem þeim var kynnt verkefnið og hvött til samræðu við börn sín um efnið. Viku síðar var undirritaður námssamningur við hvern nemanda/nemendahóp. Lögð var áhersla á það við nemendur, að þegar námssamningurinn (sjá fylgiskjal 2) hefði verið undirritaður, væri erfitt að skipta um viðfangsefni.

Greinilegt var, að margir nemendur lögðu mikinn tíma bæði innan og utan skóla við að afla sér þekkingar og upplýsingar, útbúa myndskleið og virkja bæði foreldra og aðra í nærumhverfi sínu við að vinna að verkefninu. Á kynningum í lok hvers verkefnis var greinilegt, að flestir höfðu lagt mikið á sig til þess að vinna verkefnið vel og gleðin áberandi við að kynna sín hugðarefni. Margar perllur voru sýndar á kynningunum, bæði myndbönd og rafrænar kynningar. Gaman var að sjá, að nemendur héldu vel utan um heimildaöflun sína og gerðu heimildaskrár í lok verkefnis.

Spjaldtölvurnar, sem nemendur í 5. og 6. bekk hafa til eigin afnota, sýndu greinilega mikilvægi sitt í þessari vinnu þar sem nemendur gátu notað tækið bæði við upplýsingaöflun sem og við að vinna verkefnið með sem fjölbreyttustum hætti. Því vorum við ekki háð því að panta t.d. tíma í tölvustofu og nemendur notuðu t.d. Gegni til þess að panta sér bækur til þess að nota við vinnuna.

### Foreldrar

Verkefnið var kynnt foreldrum með tölvupósti (fylgiskjal 1). Farið var stuttlega yfir hugmyndafræði, ferlið kynnt og foreldrar beðnir um að ræða við börn sín og fara saman með þeim yfir námssamninginn. Nokkur viðbrögð voru frá foreldrum varðandi verkefnið og þá öll á jákvæðum nótum. Margir foreldrar virtust taka virkan þátt í því með sínum börnum að ræða viðfangsefnið og verkefni sem og að afla gagna við vinnunna. Sem dæmi má nefna að í umfjöllun um íslenska hestinn í 6. bekk kom skýrt fram, að nemendur unnu náið með foreldrum við að afla upplýsinga og taka upp myndskleið til þess að sýna m.a. litaafbrigði íslenska hestsins sem og gangtegundir og þau tæki og tól sem notuð er í hestamennsku. Voru foreldrar ánægðir með að skólinn væri að tengja áhugasvið barna inn í nám þeirra. Að loknu verkefni bárust nokkrir tölvupóstar frá foreldrum þess efnis, að gaman hefði verið að sjá börnin sín blómstra í vinnu sem þessari.

## Vinna

Í svona vinnu þurfa nemendur að huga að fjölmörgum atriðum sem getur tekið töluverðan tíma. Viðfangsefni, nálgun, vinnulag og skil – hvernig á að tengja þetta allt saman til þess að úr verði gott verkefni? Töluverður tími fór í þessar vangaveltur og mikilvægt að ætla góðan tíma í þennan hluta verkefnisins.

Vinna nemenda við verkefnin var mismikil og greinilegt að sumir höfðu lagt á sig mikla vinnu, bæði í skóla sem og heima. Þó verður að taka fram, að vinnusemi í þeim tímum sem var lögð undir áhugasviðsvinnuna var mikil og góð. Sjaldan þurfti að hvetja nemendur áfram. Helsta aðstoð okkar kennaranna var að hjálpa þeim að halda sig innan þess efnis sem þau höfðu valið sér sem og að hjálpa þeim að afla sér efnis við vinnsluna.

## Kynning á verkefnum

Nemendum var í sjálfsvald sett hvernig þeir kynntu verkefni sín. Flestir völdu að sýna afraksturinn eða hluta hans með skjávarpa. Glærusýningar, plaköt, myndbönd, kennslumyndbönd, bækur í Book Creator appinu og dýragarður með dýrum úr pappír (origami) voru hluti kynninganna. Í framtíðinni munum við bjóða foreldrum að koma og njóta afraksturins á lokakynningu. Verkefnin voru fjölbreytt, vel unnin og vel kynnt og mikilvægt að foreldrar fái að njóta þess með börnum sínum og bekkjarfélögum þeirra, enda höfðu margir tekið virkan þátt með börnum sínum í að afla upplýsinga.

## Í lokin

Ljóst er, að nemendur lærðu mikið af því að kynnast því sem aðrir höfðu gert og ekki síst þeim fjölbreyttu vinnubrögðum sem nemendur beittu. Mikill hugur var í nemendum að huga að nýjum leiðum til þess að vinna framtíðarverkefni. Gaman var að sjá, hversu margir notuðu spjaldtölvuna sem vinnutæki. Þau kynntust notkun appa, tóku upp myndefni, notuðu green screen, glærugerð, klipping myndefnis svo að dæmi séu tekin og greinilegt að strax í 5. bekk eru nemendur orðnir mjög færir í að nota sér spjaldtölvuna sem vinnutæki. Mikilvægt er, að þau fái sem flest tækifæri til þess að nota spjaldtölvuna á sem fjölbreyttastan hátt við þessa vinnu.

## Lærdómur

Ljóst er, að nemendur höfðu mjög gaman af þessu og þar sem þetta verkefni var þeirra verkefni frá upphafi til enda var gaman að sjá hversu mikið frumkvæði og ábyrgð þau tóku á verkefninu í heild sinni. Þar er verið að ræða um skipulagningu, öflun upplýsinga, leysa deilur innan hóps varðandi útlit og kynningu, finna sér kynningarform, deila með sér verkum o.s.frv. Greinilegt er, að gera má ríkari kröfur til nemenda á miðstigi heldur en nú er gert, t.d. varðandi hvernig þau vinna og skila af sér verkefnum.

Við skipulagningu verkefna næsta skólaárs er ljóst, að gott er að fá fleiri kennara með sína sérþekkingu til þess að koma að verkefnavinnu nemenda. Verkefni þessa skólaárs hefur fyllilega réttlætt frekari þróun þess innan skólans á komandi árum.

## Niðurstöður

Upphaflega var gert ráð fyrir að vinna verkefni Get-Ætla-Skal með nemendum á unglíngastigi. Þar sem aðstæður í skólanum höfði breyst var farið í að vinna með nemendum í 5. og 6. bekk með það í huga að verkefnið gæti vaxið upp með þeim.

Í umsókn um verkefnið Get – Ætla – Skal var tekið fram að vinna ætti með styrkleika hvers og eins út frá áhugasviðum þeirra og að nemendur bæru ábyrgð á verkefni sínu. Lagt var upp með í umsókninni að vinna áhugasviðsverkefni í hverri námsgrein yfir veturinn en því var breytt í að vinna eitt verkefni þar sem nemendur voru hvatir til að tengja sem flestar námsgreinar inn í sína vinnu. Markmiðið var það sama en það er að nemendur taki meiri ábyrgð á sínu námi. Ljóst er út frá vinnusemi, metnaði og fjölbreytum skilaaðferðum á verkefnum að það markmið náðist. Greinilegt var að ákveðið yfirfærslugildi frá verkefninu var yfir á aðrar námsgreinar í skólanum hjá eldri hópnum. Í vinnu að áhugasviðsverkefni náðu nemendur að tengja flest allar námsgreinar inn í verkefnið en það var að sjálfsögðu misjafnt hvaða námsgrein skein í gegn hjá hverjum og einum. Einnig mátti sjá hvað nemendur nutu sín í vinnunni og ljómuðu af gleði. Varðandi kennarana sem komu að þessu þá er fullur áhugi á því að halda áfram að vinna að áhugasviðsverkefnum og hafa þá vinnu fasta inni hjá nemendum á miðstigi. Verið er að skoða vandlega hvar og hvernig best sé að koma verkefnum sem þessu inn í skólabraginn og daglega vinnu nemenda.

# Fylgiskjal 1

## Áhugasviðstengt nám

Næstu vikurnar munu nemendur 5. og 6. bekkjar taka þátt í þróunarverkefni í Kópavogsskóla sem kallast GÆS – Get, Ætla, Skal – áhugasviðstengt nám.

Markmiðið er að nemandi finni hæfileikum sínum og áhugasviði farveg og geti unnið verkefni tengd eigin áhuga í skólanum. Þetta verkefni verður vonandi bara það fyrsta af mörgum, en við stefnum á frekari vinnu tengda áhugasviði.

Við munum hins vegar byrja smátt, enda takmarkaður tímafjöldi í verkefnið að sinni, en unnið verður að þessu verkefni einu sinni í viku í janúar og fram í febrúar. Gera má ráð fyrir að um 5 kennslustundir fari í þetta starf.

Nú höfum við kynnt verkefnið fyrir öllum nemendum í 5. og 6. bekk. Farið var í hugarflug um möguleg verkefni í hverjum bekk fyrir sig og er óhætt að segja að nemendur hafi sýnt verkefninu mikinn áhuga og höfðu þau margt til málanna að leggja. Við leggjum mikla áherslu á, að verkefnið sé framkvæmanlegt og mjög afmarkað, þannig að nemendur nái að ljúka því.

Í byrjun næstu viku munu nemendur koma heim með samning um verkefnið. Þá þurfa þau að ákveða viðfangsefni, hvernig þau hyggjast vinna það og kynna síðan fyrir samnemendum. Sem dæmi má nefna að búa til stutta bók um ákveðið efni í Book Creator í spjaldtölvunni, stutta myndasögu, plakat, safna myndum og búa til myndasafn. Margar aðrar leiðir eru í boði og takmarkast einungis við tímafjöldann sem í boði er. Umfjöllunarefnið sjálft verður algjörlega þeirra ákvörðun. Hlutverk okkar kennaranna verður einungis að aðstoða nemendur í gagna- og upplýsingaöflun, sem og að aðstoða þá við framkvæmdina.

Ef þið hafið einhverjar spurningar, ekki hika við að hafa samband við okkur undirritaðar.

---

kennari

---

kennari

---

kennari

## Fylgiskjal 2



Hvað langar þig að gera í áhugasviðinu?

### NÁMSSAMNINGUR



Ég \_\_\_\_\_ ætla að vinna að verkefni sem lýst er hér að neðan:

A large, empty rectangular box with a blue border, intended for a drawing or written response.

Markmið – verk lýsing - skil



Kennarinn ætla að:

Áætlaður skiladagur



Kópavogur \_\_\_\_\_ 2017

Kennari

Nemandi

